

Afkoma HB Granda hf. árið 2009

- Rekstrartekjur ársins voru 117 m€ en voru 124 m€ árið áður
- EBITDA var 32 m€ (27,4 %) en var 30 m€ (23,8 %) árið 2008
- Hagnaður ársins var 13 m€ en var 16 m€ árið áður

	1.1.-30.6.	1.7.-31.12.	1.1.-31.12.	1.1.-30.6.	1.7.-31.12.	1.1.-31.12.
	Fyrri árs-	Seinni árs-	2009	Fyrri árs-	Seinni árs-	2008
	helmingur	helmingur	Samtals	helmingur	helmingur	Samtals
Seldar vörur	56.705	60.276	116.981	62.923	61.427	124.350
Kostnaðarverð seldra vara	(42.438)	(40.522)	(82.960)	(47.310)	(44.338)	(91.648)
Vergur hagnaður	14.267	19.754	34.021	15.613	17.089	32.702
Útflutningskostnaður	(4.307)	(4.142)	(8.449)	(4.692)	(4.562)	(9.254)
Annar rekstrarkostnaður	(2.331)	(1.921)	(4.252)	(3.112)	(2.074)	(5.186)
Rekstrarhagnaður	7.629	13.691	21.320	7.809	10.453	18.262
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	281	(3.133)	(2.852)	(5.518)	(8.552)	(14.070)
Áhrif hlutdeildarféлага	(1.638)	(808)	(2.446)	(570)	1.434	864
Hagnaður fyrir tekjuskatt	6.272	9.750	16.022	1.721	3.335	5.056
Tekjuskattur	(254)	(2.722)	(2.976)	9.085	1.890	10.975
Hagnaður tímabilsins	6.018	7.028	13.046	10.806	5.225	16.031
EBITDA	12.937	19.109	32.046	12.561	16.998	29.559

Rekstur ársins 2009

Rekstrartekjur HB Granda hf. árið 2009 námu 117 m€ samanborið við 124 m€ árið áður. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 32 m€ eða 27,4% af rekstrartekjum, en var 30 m€ eða 23,8% árið áður. Áhrif fjáreignatekna og fjármagnsgjalda voru neikvæð um 2,9 m€ Áhrif hlutdeildarféлага voru neikvæð um 2,4 m€ einkum vegna slæmrar afkomu fiskeldis í Síle. Hagnaður fyrir tekjuskatt var 16 m€, en hagnaður ársins var 13 m€

Mun minna veiddist af ufsa og karfa árið 2009 en árið áður, bæði á frystitogurum og ísfisktogurum. Á móti kom að veiði frystitogara á gullaxi og úthafskarfa jókst verulega á milli ára, sem og þorskveiðar ísfisktogara.

Eingöngu var gefinn út takmarkaður rannsóknarkvóti á loðnu, en árið áður veiddu skip félagsins 31.000 tonn. Einnig minnkaði verulega aflí á íslenskri síld í kjölfar sýkingar stofnsins. Á hinn bóginn jókst aflí á norsk-íslenskri síld umtalsvert og við bættust veiðar á gulldeplu.

Hjá félaginu unnu að meðaltali 622 starfsmenn á árinu. Laun og launatengd gjöld námu samtals 36,7 m€ (6,3 milljarðar króna samanborið við 5,4 milljarða árið 2008).

Efnahagur

Heildareignir félagsins námu 289 m€ í lok árs 2009. Þar af voru fastafjármunir 247 m€ og veltufjármunir 42 m€. Í árslok námu heildarskuldir félagsins 156 m€ og eigið fé 133 m€. Eiginfjárlutfall var 45%, en var 41% í lok árs 2008.

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri nam á árinu 33,2 m€. Þar af var 9,6 m€ varið í nettó fjárfestingar og 18,0 m€ í fjármögnunarhreyfingar, einkum afborganir langtímalána (17,2 m€). Hækkun á handbæru fé nam því 5,6 m€ og var handbært fé í árslok 12,0 m€.

Meginniðurstöður færðar til íslenskra króna

Séu niðurstöður rekstrarreiknings reiknaðar til íslenskra króna á meðalgengi ársins 2009 (1 evra = 172,7 kr) verða tekjur 20,2 milljarðar króna, EBITDA 5,5 milljarðar og hagnaður 2,3 milljarðar. Séu niðurstöður efnahagsreiknings reiknaðar til íslenskra króna á lokagengi ársins 2009 (1 evra = 179,9 kr) verða eignir samtals 51,9 milljarðar króna, skuldir 28,0 milljarðar og eigið fé 23,9 milljarðar.

Skipastóll og afli

Í skipastól HB Granda hf. eru 5 frystitogarar, 3 ísfisktogarar og 4 uppsjávarfiskveiðiskip.

Á árinu 2009 var afli skipa félagsins 48 þúsund tonn af botnfiski og 100 þúsund tonn af uppsjávarfiski.

Aðalfundur

Aðalfundur HB Granda verður haldinn föstudaginn 23. apríl 2010 í matsal félagsins við Norðurgarð í Reykjavík og hefst klukkan 17:00. Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 12% arður af nafnverði hlutafjár, þ.e. arðgreiðsla að fjárhæð 204 millj. kr (um 1,1 millj. evra á lokagengi ársins 2009), sem samsvarar 0,9% af eigin fé eða 8,7% af hagnaði ársins.

Fjárhagsdagatal

Aðalfundur	23. apríl 2010
Birting ársskýrslu	23. apríl 2010
Arðgreiðsludagur	7. maí 2010
Hálfsársuppgjör	23.-27. ágúst 2010
Ársuppgjör 2010	14.-18. mars 2011